

# Velferðarnefnd



Langanesbyggð

## Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir sveitarstjórn. Nefndin gegnir hlutverki jafnréttisnefndar, fer með verkefni íprótta- og tómstundamála, fjallar um málefni aldraðra, málefni fatlaðra og önnur mál sem tengjast velferð íbúa sveitarfélagsins eftir því sem við getur átt og nánar tilgreint er í samþykkt þessari.

## Skipan nefndarinnar

Í Velferðarnefnd eiga sæti 4 fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir 4 fulltrúar til vara. Sveitarstjórn Langanesbyggðar kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi hennar kýs nefndin sér sjálf varaformann. Auk þess á sæti í nefndinni 1 fulltrúi frá Svalbarðshreppi samkvæmt samstarfssamningi og á sama hátt 1 fulltrúi til vara.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

## Hlutverk

Hlutverk velferðarnefndar er að fara með velferða-, íprótta- og tómstundamál samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem kunna að gilda um viðfangsefni hennar. Nefndin hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda sem þegar eru að finna í gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Aðrar útgjaldatillögur skal leggja fyrir sveitarstjórn í formi sérstaks erindis sem tekið er til afgreiðslu á fundi nefndarinnar og fært í fundargerð og öðlast þær ekki gildi fyrr en með samþykkt sveitarstjórnar. Nefndin gerir tillögur til sveitarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar, vera henni til ráðgjafar, veita umsögn um jafnréttismál og önnur þau verkefni sem nefndinni eru falin
- Að móta stefnu sveitarfélagsins í íprótta- og tómstundamálum.
- Að vera sveitarfélaginu til ráðgjafar í íprótta- og tómstundamálum
- Að efla íprótta- og tómstundastarf í Langanesbyggð og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga.

- Að endurskoða jafnréttisáætlun sveitarfélagsins í upphafi hvers kjörtímabils og leggja fyrir sveitarstjórn
- Að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna í sveitarfélaginu
- Að hafa eftirlit með starfsemi þeirra félag er starfa að íþrótt- og tómstundamálum og njóta styrks úr sveitarsjóði.
- Að stuðla að þjálfun og fræðslu fyrir æskulýðs- og íþróttaleiðtoga.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um nýtingu og rekstur félagsmiðstöðvar, íþróttamannvirkja og um skipulag frístundastarfs eftir því sem við á hverju sinni.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um staðarval og gerð nýrra mannvirkja sem ætluð eru til íþrótt- og tómstundastarfs, svo og um meiriháttar endurbætur á eldri mannvirkjum, að höfðu samráði við sveitarstjóra.
- Leggja fram tillögur og undirbúa starfsemi vinnuskóla hverju sinni.
- Vinna í upphafi árs greinargerð um starfsemi nýliðins árs.
- Að annast skipulagningu og undirbúning skipulagðra hátíðarhalda á starfssviði nefndarinnar.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarfélagsins í íþrótt- og tómstundarmálum nái fram að ganga.
- Að skipa fulltrúa í vímuvarnarráð sem jafnfram er formaður þess.
- Að móta stefnu sveitarfélagsins í öldrunarmálum og endurskoða hana í upphafi hvers kjörtímabils og leggja fyrir sveitarstjórn
- Að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt í þeim málaflokkum sem tilheyra nefndinni og gera tillögur til sveitarstjórnar ef úrbóta er þörf
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem tilheyra nefndinni nái fram að ganga
- Að beita sér fyrir forvörnum í þágu einstaklinga og fjölskyldna s.s. lýðheilsu
- Að huga vel að móttöku nýbúa og stöðu þeirra í samfélaginu
- Að vinna með öðrum aðilum, svo sem félögum, félagsamtökum og einstaklingum, að því að bæta félagslegar aðstæður og félagslegt umhverfi í sveitarfélaginu
- Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn kann að fela nefndinni.

Að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið nefndarinnar heyrir og eftir atvikum koma með tillögur að breytingum Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

### Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar og skal þeim fylgt þar sem við á s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Velferðarnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum. Skytt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna nefndarinnar krefst þess. Nefndin skal að jafnaði funda eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarskrifstofu. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent öllum fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafund má boða með sólarhrings fyrirvara. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundirnir verði boðaðir með rafrænum hætti.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður nefndarinnar skal halda sveitarstjóra upplýstum um störf nefndarinnar.

### Eftirfylgni

Formaður velferðarnefndar skal snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykka nefndarinnar sem sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda.

### Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í velferðarnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar, s.s. til að mynda með vísan til IV. kafla í samþykkt sveitarfélagsins um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar eins og þau eru á hverjum tíma.

Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar **14.04.2016**

Elías Pétursson  
sveitarstjóri